

Mál nr. 277/2021**M og****V v/ slysátryggingar íþróttamanna hjá knattspyrnudeild A**
Ágreiningur um hvort atvik falli undir slyshugtak vátryggingarskilmála**Gögn.**

Málskot mótttekið 12.07.2021 ásamt fylgiskjöllum 1-7.

Bréf V dags. 06.09.2021.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi orðið fyrir meiðslum er hún tók þátt í knattspyrnuleik með liði A hinn 17. september 2018. V hafi hafnað kröfu hennar um bætur úr slysátryggingu með bréfi dags. 24. ágúst 2020, þar sem félagið teldi umrætt atvik ekki fullnægja þeim áskilnaði slyshugtaksins að um utanaðkomandi atburð hefði verið að ræða. Þeirri afstöðu sé mótmælt enda sé fyrirbyggjandi myndband af tjónsatviki er sýni að M hafi fengið snertingu frá markmanni hins liðsins sem hafi valdið því að hún féll í jörðina með slitið krossband nokkrum sekúndum síðar. Er afstaða M sú að ljóst sé af fyrirbyggjandi myndbandi að um skyndilegan og utanaðkomandi atburð hafi verið að ræða og sé bótaskylda því fyrir hendi. Nokkur samskipti hafi verið milli M og V vegna málsins, en V hafi hafnað því að endurskoða afstöðu sína.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að félagið geri ekki frekari athugasemdir vegna málsins en vísi til gagna þess. Í fyrirbyggjandi bréfi V til M, dags. 24. ágúst 2020, kemur fram að misræmi hafi verið í atvikalýsingu M. Þannig segi M í tilkynningu til Sjúkrátrygginga Íslands „þá fékk ég snertingu frá öðrum leikmanni með þeim afleiðingum að vinstra hné gaf sig og krossbandið slitnaði“. Í læknisvottorði hafi atvikalýsingin hins vegar verið „Sagðist hafa verið að stíga framhjá markmanninum og fékk þá sting í hnéð og lagðist í jörðina“. Viðkomandi læknir hafi síðar staðfest þessa lýsingu auk þess sem fyrirbyggjandi myndband af tjónsatviki styðji við hana. Í skilmálum viðeigandi vátryggingar sé „slys“ skilgreint með þeim hætti að um sé að ræða „skyndilegan, utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama vátryggðs og gerist án vilja hans“. Í tilviki M sé um að ræða álagsmeiðsl sem eigi sér stað við hreyfingu hennar en ekki utanaðkomandi atvik. Þar sem tjónið megi rekja til snöggrar hreyfingar M sjálfar, þ.e. álags innan líkama hennar, sé ekki um slys í skilningi skilmálanna að ræða og er bótaskylda því hafnað.

Álit:

Ágreiningur aðila snýr samkvæmt framansögðu að því hvort M hafi orðið fyrir slysi í skilningi viðeigandi vátryggingarskilmála. Myndband af umræddu atviki er meðal gagna málsins fyrir nefndinni. Af því má sjá að M, sem er með knöttinn inni á vítateig hins liðsins og markvörður þess liðs rekast saman, þegar sú síðarnefnda rennir sér fram í viðleitni til að ná til knattarins. Má sjá að M stekkur upp með hliðarhreyfingu á vinstri fótlegg við þessa snertingu. Verður því að líta svo á sem meiðsl hennar megi rekja til hliðarhreyfingar sem hlaut af samstuði hennar og markmannsins sem hafi valdið því að krossband við vinstra hné slitnaði og M féll til jarðar um tveimur til þremur sekúndum síðar. Er það því mat nefndarinnar að meiðsl M sé að rekja til skyndilegs og utanaðkomandi atburðar, þ.e. áðurnefndrar snertingar, og fullnægi því skilyrðum slyshugtaksins eins og það er skilgreint í umræddum skilmálum. Verður þá misræmi í orðalagi í atvikalýsingu, annars vegar í tilkynningu til Sjúkrátrygginga og hins vegar í læknisvottorði, ekki talið haggja þessari niðurstöðu enda má greina af umræddu myndbandi að snerting hafi átt sér stað. Er bótaskylda þar af leiðandi fyrir hendi.

Niðurstaða.

M, á rétt til bóta úr slysátryggingu íþróttamanna A hjá V.

Reykjavík 21. september 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.